

Danni dró blýant upp úr skólatöskunni og skrifaði niður símanúmerið. Hann hafði alltaf langað til að eignast gulan hund.

„Ég verð að segja mömmu frá þessu,” sagði hann við Matta.

Mamma varð bæði hissa og glöð. Hún hafði einmitt ráðgert að finna hvolp til að gefa Danna í afmælisgjöf.

„Kannski fáum við einn strax í dag, ef við hringjum núna,“ sagði Danni ákafur. Mamma hringdi í númerið á miðanum. Danni heyrði mömmu segja að þau væru að leita að góðum hundi fyrir níu ára strák, og að þau hefðu aldrei verið með hund á heimilinu áður. Að samtalinu loknu sagði hún. „Við skulum drífa okkur. Við fáum hvolpinn strax, ef eigandanum líst vel á okkur.”

Mamma ók að stóru hvítu húsi með grænu þaki og stórum vel girtum garði. Garðurinn var iðandi af hvolpum. Danni kom strax auga á svartan hvolp með hvíta bringu. Hann hljóp út úr bílnum og að girðingunni. „Þessi er frábær,” sagði hann. Mamma hans sagði honum að nú þyrfti hann að vanda valið. Það væru margir sem kæmu til greina og hann ætti ekki að rasa um ráð fram. Danni átti í basli með að velja. Þarna sá hann einn ljósan hvolp með svartar dopper. Honum leist mjög vel á hann. En þá kom hann auga á annan með hvítt trýni og ljósa rófu. Æi, þetta var erfiðara en hann hafði búist við. Þegar hann hélt að hann væri búinn að velja einn vakti annar athygli hans.

Danni var orðinn dálítið ráðvilltur þegar lítill, svartur hnoðri skaut allt í einu út úr runna. Hann var svolítið prakkaralegur að sjá og hljóp og ærslaðist í kringum þau. Hann dillaði rófunni ákaft og nartaði í buxaskálmna hans Danna, eins og hann vildi segja honum eitthvað. Danni brosti út að eyrum. Nú var hann viss. Þó að þessi hvolpur væri ekki gulur skyldi hann vissulega verða hvolpurinn hans.